

Fundargerð fræðsluráðs

167. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 6. janúar kl. 15 haldinn í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Erindi til fræðsluráðs varðandi skólalald á Borðeyri
2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn kl. 15:30 og fer yfir skipulag skólalalds á Borðeyri.
3. Önnur mál.

1. Formaður setti fundinn og óskaði fundarmönnum gleðilegs árs. Erindi til fræðsluráðs frá foreldrum varðandi skipulag skólalalds á Borðeyri. Erindið og meðfylgjandi spurningar ræddar.
2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn ásamt Láru Helgu Jónsdóttur fulltrúa kennara og fer yfir skólalald á Borðeyri. Sigurður Þór segir það virðist ekki hafa komist nægilega vel til skila með hvaða hætti starf á Borðeyri átti að vera nú á vormánuðum. Það er, að breytt rekstrarfyrirkomulag taki gildi 1. janúar 2016. Það starf var kynnt á foreldrafundi á Borðeyri 23. nóvember. Eini kennaramenntaði umsækjandinn dró umsókn sína til baka. Þar sem ekki fékkst kennari við skólann á Borðeyri í vetur verður starfið miðað við lið 1b. í fundargerð 262. fundar sveitarstjórnar frá 26. nóvember sl. sem er eftirfarandi

„Ef ekki fæst kennari þá mun núverandi starfsfólk (leiðbeinandi í list- og verkgreinum, matráður og deildarstjóri) taka að sér skólastarfið (leik og grunnskóla) 3 daga í viku með stuðningi kennara (2 – 5 klst. á viku og handleiðslu kennara frá Hvammstanga).“

Einstök efnisatriði í erindi til fræðsluráðs skv. 1. dagskrárlið fundarins rædd. Formanni fræðsluráðs, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og skólastjóra grunnskólans falið að svara erindi til fræðsluráðs skriflega. Svarið verður sent fræðsluráði til yfirlestrar.

3. Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:17

Magnús Magnússon

Esther Hermannsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Ingibjörg Auðunsdóttir

Sigrún Waage

